

Opið bréf til dómsmálaráðherra um forsjármál (Morgunblaðið 24. ágúst 1996)

Virðulegi ráðherra, Þorsteinn Pálsson, kæri faðir! Það eru þung undir fæti hjá feðrum, sem eiga í skilnaði og vilja sinna föðurskyldu sinni eins og lögin bjóða. Vilji og löngun þeirra endurspeglast í innlendum og útlendum rannsóknum, svo ekki verður um villst. Í rannsókn, sem ýtt var úr vör á ári fjölskyldunnar 1994, kom t.a.m. í ljós, að þrír af hverjum fjórum frá skildum feðrum óskuðu eftir sameiginlegri forsjá. Á þriggja ára tímabili, eftir að barnalögin nýju tóku gildi, semur tæpur þriðjungur foreldra um sameiginlega forsjá barna sinna við skilnað. Það eru því að tiltölu fáir feður, sem fá óskir sínar uppfylltar. Aðrir forsjársamningar eru á þá lund, að um 95 af hundraði mæðra hljóta forsjá barnanna.

Í sameiginlegri forsjá felst meðal annars, að börnin skuli hafa lögheimili hjá öðru foreldrinu. Hitt foreldrið hefur því heldur lítið af því að segja í raun og veru. Enda er því haldið fram fullum fetum, að sameiginleg forsjá sé einungis til þess fallin að friða feður. Það kann af hafa við rök að styðjast. Reynslan bendir til að lögheimili barns sé í yfirgnæfandi fjölda tilvika hjá móður. Það gefur tilefni til að hugleiða, hvort við höfum raunveruleg gengið gæfuspor í forsjármálum með tilliti til jafnréttis feðra og mæðra og hagsmuna barna, hinnar miklu meginreglu barnalaganna. Lögin eru ótvíræð. Þau bjóða, að jafnar skuli skyldur og jafn skuli réttur feðra og mæðra til að annast börn sín. Og það er ekki síður mikils um vert í þessu sambandi, að barninu er áskilinn réttur til beggja foreldra sinna.

Á áðurgreindu þriggja ára tímabili fengu 2.556 mæður forsjá barna sinna, 163 feður og 1.202 forsjármálum við ráðið til lykta með sameiginlegri forsjá. (Undanskilin eru 18 dómsmál, þar sem sættir urðu eða til frávísunar kom, og 3 mál, sem lauk með skiptri forsjá.) Sé helmingi foreldra með sameiginlega forsjá skipt í 1.000 „lögheimilismæður“ og 202 „lögheimilisfeður,“ og þeim bætt í hóp forsjármæðra annars vegar og forsjárfæðra hins vegar, kemur í ljós, að eiginlega umsjón (forsjá, forræði, framfærsla, lögheimilisfesti) er falin móður í rúmum 90% tilvika. Að þessu leyti er hlutfallið jafnóhagstætt feðrum og var fyrir tuttugu árum. Hvað veldur? Tala feður þvert um hug sér eða er umbóta þörf í stjórnsýslunni? Mér er nær að halda, að svo sé. Tiltækar kannanir og margháttuð reynsla af forsjármálum og forsjárdeilum rennir mjög ákveðið stoðum undir þann grun.

Sýslumannsembættin koma óhjákvæmilega í brennidepil í þessu efni. Hlutverk þeirra er að staðfesta samninga um skilnað og leiðbeina foreldrum um gerð þeirra, reyna sættir, ef svo ber undir, og upplýsa um réttaráhrif samningsgerðarinnar. Rúmur fjórðungur foreldra (feðra), sem ekki hlýtur forsjá barna sinna, telur, að „nokkrar deilur“ hafi staðið um skilnaðarsamninga. Almennt álíta hin forsjárlausu foreldri (feður) sig hlunnfarin og undirokuð, hvað tengsl við börn og eignaskipti áhrærir (sbr. áðurnefnda könnun). Þegar litið er til forsjárdeilna, sem u.þ.b. tíundi hluti foreldra ratar í við skilnað, telur ráðuneyti yðar og dómstólarnir, að einungis fimmtungur feðra sé hæfari til að hafa með höndum forsjá barna sinna, en mæður.

Þessar staðreyndir beina huganum að forsendum stjórnsýslunnar um mat á forsjárhæfni foreldra. Þegar fulltrúar sýslumannsembættanna eru inntir eftir þessum forendum, verður iðulega fátt um svör og vísað er til ráðuneytisins yðar. Þar eru lögin túlkuð og samdar vinnureglur á grundvelli þeirrar túlkunar. Þar er upplýst, að lykil að gátunni sé helst að finna í greinargerð sifjalaganefndar með frumvarpi til laga um barnalög frá 1994. Í greinargerð

Þessari er margt fróðleg og skynsamlegt að lesa. Tiltekin eru 11 atriði, sem m.a. koma til skoðunar við mat á forsjárhæfni foreldra. Flest eru þau auðskiljanleg og sjálfsögð, en annað óskýrt og umdeilanlegt, enda þótt skilja meg, að ávallt eigi að skoða hvert atriði „með þarfir barns að hinu mikla leiðarljósi.“ Til dæmis; „að ungt barn þarf sérstaka umönnum sem móðir er oft talin hæfari til að veita en faðir.“ Einnig er vikið að þeirri meginreglu; „að ung börn fylgi móður og eftir atvikum drengir feðrum en stúlkur mæðum. (Þessi orð gætu sem hægst verið tekin upp úr hálftrar aldar gamalli kennslubók um barnauppleði fyrir húsmæðraskóla.) Í óskráðum verklagsreglum stjórnarsýslunnar umbreytast þessar kennisetningar í úrskurði og samninga, þar sem móður er nær undantekningarlaust falin forsjá ungra barna og umgengni við föður svo háttáð, að trauðla gefst færi á að stofna til djúpra og traustra tengsla millum föður og ungbarns. Því nú virðist ekki spurt: Hvort foreldrið er hæfara? Heldur: Er móðirin óhæf? Þetta er alvörumál og verulegt áhyggjuefni. Það þarf vart að taka það fram, að umræddar kennisetningar eiga varla fræðilega stoð í nútíma sálfræði eða samfélagvísindum (sbr. grein mín í Degi 30. júlí). Í fyrrnefndri greinargerð er vikið að mikilvægi tengsla foreldris og barns við ákvörðun forsjár, „þar á meðal hjá hvoru barn hefur dvalist og hvort það hefur umgengist mest, m.a. eftir samvistaslit.“ Hafi barn á annaða borð náð að tengjast foreldri sínu traustum böndum, rofna þau ekki við nokkurra mánaða fjarver. Aftur á móti hefi ég marsinnis séð annað foreldrið í forsjárdeilu meina hinu samvistir við barnið og þannig leitast við að slíta sundur tilfinningaböndin. Þess konar háttlag getur orðið afdrifaríkt fyrir ungbörn og valdið því, að aldrei takist að treysta nauðsynleg tilfinningabönd millum barnsins og hins útilokaða foreldris. Svona ofbeldi er foreldrum í forsjárdeilum jafnvel kennt, svo þeir standi betur að vígi, þegar að úrskurði eða dómi kemur.

Feður bera sig m.a. illa undan því, að venjulega sé til þess ætlast við sáttaumleitan og gerð skilnaðarsamnings, að þeir yfirgefi hífýli fjölskyldunnar, jafnvel þótt móðir barnanna óski í flestum tilvikum skilnaðar. Þar með er forsjárhæfni þeirra enn skert. Flest verður feðrum að ógæfu við úrlausn forsjármála. Séu þeir þökkalega launaðir, skulu þeir greiða tvöfalt meðlag og kröfur um lífeyrisgreiðslur hækka jafnvel að sama skapi. Röksemd fulltrúa sýslumanna er sú, að börnin hafi rétt til að njóta efna föðursins. Og vissulega er það í sjálfu sér gott og sanngjarnt viðhorf. En sú hugsun virðist yfirleitt órafjarri, að sémileg laun kynnu að bæta forsjárhæfni hans.

Virðulegi ráðherra! Um daginn var ég að því spurður, hvor satt væri, að á Íslandi ríktu tyrkneskir stjórnarsýsluhættir í forsjármálum. Mér vafðist tunga um tönn. Hvernig ber að svara slíkri spurningu?

Með samherjakveðjum.